



## Greinargerð vegna athugasemda við skipulagstillögu sem auglýst var frá

18. ágúst til og með 15. september 2021.

### 1. Gildandi deiliskipulag

---

Gildandi deiliskipulag var samþykkt í bæjarstjórn Akraneskaupstaðar 23.maí.2006. Breyting á gildandi deiliskipulagi var samþykkt í bæjarstórn Akraneskaupstaðar 12. september 2017.

Tvær athugasemdir og eitt samþykki við tillögunni bárust innan tilskilins frests.

### 2. Auglýst deiliskipulagstillaga

---

Breyting á deiliskipulagi á lóð við Beykiskóga 19.

Í tillögunni felst að hækka húsið úr fjórum hæðum í 5 hæðir. Byggingarmagn fer úr 900,0m<sup>2</sup> í 1.155,0m<sup>2</sup>, fjölgun íbúða um tvær fer úr 8-12 í 8-14 og bílastæðum fjölgað um eitt.

Tillagan var grenndarkynnt með bréfi dags. 16. ágúst 2021, til viðkomandi lóðarhafa.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkti á fundi 9.ágúst.2021 var að grenndarkynna umsóknina skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, fyrir lóðarhöfum að Asparskógum 10,12,13,15 og Beykiskógum 17.

### 3. Athugasemdir við skipulagsbreytingu

---

#### 1. Asparskógum 13, íbúð 106

*Lýst er óánægju með hækkun Beykiskóga 19 um eina hæð. Athugasemd er gerð við breytinguna þar sem hún hefur veruleg áhrif á íbúa á fyrstu hæð, þá sérstaklega þegar kemur að sól og birtu yfir daginn. Fyrirhuguð hækkun mun skerða birtu og sól inni íbúðina og á svalir. Einning er óánægja með að sól muni skerðast hjá íbúð 106 eftir hádegi.*

#### 2. Asparskógar 13, húsfélag og íbúar.

*Athugasemd er gerð við hækkun húss úr fjórum hæðum í fimm hæðir. Mikilli óánægju er lýst með að ef hækkun verður að veruleika og telja þau að það muni hafa mikil áhrif á íbúa Asparskóga 13, þá sérstaklega þau sem eru á neðri hæð. Einnig er komið á framfæri óánægju með að hæð hússins sé breytt þar sem flestar blokkir á Asparskógum og í hverfinu séu tvær hæðir. Ef blokkin myndi verða fimm hæðir myndi það eyðileggja þetta huggulega hverfi sem er að byggjast upp.*



#### 4. Svar við athugasemdum

---

Í núverandi skipulagi er hæð húss við Beykiskóga 19, fjórar hæðir, skuggavarp frá því verður á lóð við Asparskóga 13 á vissum árstíma. Búið er að skoða skuggavörp á nærumhverfi vegna fyrirhugaðrar breytingar á Beykiskógum 19, skuggavarp eykst lítilsháttar við þá breytingu.

Í gildandi skipulagi er skuggavarp frá Beykiskógum 19 á suðurhlið húss við Asparskóga 13. Viðbótarhæð á Beykiskógum 19 hefur lítil áhrif á skuggavarp á lóð við Asparskóga 13 að öðru leyti en því að skuggavarp dýpkar lítilsháttar.

Með vísan til framangreinds er umrædd deiliskipulagsbreyting samþykkt, heimilt verður að byggja eins og tillaga kveður á um.

Akranesi 29. september 2021

Greinargerð þessi var samþykkt á fundi skipulags- og umhverfisráðs 4. október 2021 og í bæjarstjórn 12. október 2021.

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,

---

Halla Marta Árnadóttir  
skipulagsfulltrúi